

Hákon Jensson

# Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Leifsstöðum 2 í Eyjafjarðarsveit



**Búnaðarsamband Eyjafjarðar**

**Rannsóknarskýrslur 2019/4**



**BÚNAÐARSAMBAND  
EYJAFJARÐAR**

Forsíðumynd: Gamli bæjarhóllinn



**BÚNAÐARSAMBAND  
EYJAFJARÐAR**

©Hákon Jensson  
Búnaðarsamband Eyjafjarðar,  
Akureyri 2019/4

## **EFNISYFIRLIT**

INNGANGUR.....	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	1
AÐFERÐIR.....	3
LEIFSSTAÐIR 2.....	4
FORNLEIFASKRÁ.....	5
SAMANTEKT.....	11
HEIMILDASKRÁ.....	12

## 1. Inngangur

Skýrslu höfundur var beðinn um að annast fornleifaskráningu á deiliskipulagi fyrir Leifsstaði 2 l.nr. 226737 í Eyjafjarðarsveit. Skipulagið nær yfir hluta jarðarinnar Leifsstaða 2 eða um 7,32 ha. Á Leifsstöðum 2 hefur verið starfrækt hótél og á síðari árum einnig golfvöllur. Nýir landeigendur hafa ákveðið að leggja niður golfvöllinn og fjölga gistingu á svæðinu til dæmis með orlofshúsum, gistihúsum og tjaldgistingu. Einnig er áformað að reisa íbúðarhús og aðstöðuhús fyrir starfsfólk.<sup>1</sup>

Deiliskipulagið er unnið af Teiknistofu arkitekta, Gylfi Guðjónsson og félagar ehf.

Vettvangsvinnan fór fram 2. Október 2019 og einnig var farið aftur á staðinn 22. október þegar snjór var yfir svæðinu til þess að reyna að átta sig betur á legu rústa skammt fyrir utan svæðið.

Í skráningunni var skýrsla sem Minjasafnið á Akureyri gaf út „Fornleifaskráning í Eyjafirði I: Fornleifar í Eyjafjarðarsveit norðan Hrafnagils og Þverár” notuð sem hjálpartæki við skráninguna ásamt öðrum heimildum.

Skýrslu höfundur vill þakka Bergsteini Eiríki Gíslasyni fyrir upplýsingar um fornleifar á svæðinu.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar Íslands: 2053.

## 2. Tilgangur fornleifaskráningar

Megin markmið fornleifaskráningar er að tryggja varðveislu menningararfsins ásamt því að gera bæði sveitarfélögum og Minjastofnun kleift að móta stefnu í minjavörslu.<sup>2</sup> Til þess að fyrirbyggja að minjar verði fyrir skemmdum við framkvæmdir þá voru sett lög ákvæði að skráning á menningarminjum eigi sér stað áður en gengið sé frá deiliskipulagi eða aðalskipulagi. Jafnframt að sá kostnaður sem hlýst af við skráninguna skuli leggjast á þann sem ber ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslögin.<sup>3</sup>

Í lögum um menningarminjar frá árinu 2012 í I. kafla, 3. grein er ítarleg upptalning á menningarminjum en samkvæmt þeim eru: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngrípir og hins vegar fornleifar.

Forngrípir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngrípa. Til forngrípa teljast einnig leifar af líkögum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

---

<sup>1</sup> Lilja Filippusdóttir, deiliskipulag (í vinnslu), 2019.

<sup>2</sup> Heimasíða Minjastofnunar.

<sup>3</sup> Heimasíða Minjastofnunar.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skróðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógrofum, kolagrofum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.
- j. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.”<sup>4</sup>

Varðandi verndun á fornleifum þá er því lýst nokkuð ítarlega í VI. Kafla, 21. grein að: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.”<sup>5</sup>

Þar sem fornleifar eru til staðar þá er ágætt að skoða svo VI. kafla, 22 grein í þjóðminjalögunum en þar er skýrt tekið fram að: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.”<sup>6</sup>

Þrátt fyrir að í fornleifaskráningunni finnst engar fornleifar þá er þó mikilvægt að hafa í huga VI. kafla, grein 24 í þjóðminjalögunum að: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því

---

<sup>4</sup> Heimasíða Alþingis.

<sup>5</sup> Heimasíða Alþingis.

<sup>6</sup> Heimasíða Alþingis.

stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skál Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”<sup>7</sup>

Frá árinu 2013 hefur Minjastofnun verið með staðlaða skráningu fyrir fornleifar. Tilgangurinn með því var sá að samræma gögn og hafa ákveðna kröfu um lágmarksgæði skráningar. Þar af leiðandi ættu framkvæmdaaðilar og skráningaraðilar að hafa nokkuð góðar upplýsingar um kröfur Minjastofnunar til fornleifaskráningar til þess að hún geti tekið byggt sínar stjórnsýsluákvarðanir á.<sup>8</sup>

### 3. Aðferðir

Við skráningu fornleifa á staðnum var notast við skráningarstaðla Minjastofnunar Íslands. Við undirbúningsvinnuna og úrvinnsluna var notast við ýmis konar heimildir og gögn, til að mynda loftmyndir frá Loftmyndum ehf. á map.is frá 1998 til 2018, drónamyndir frá Eflu, túnkort, örnefnaskrár og fornleifaskráningu sem Orri Vésteinsson og Adolf Friðriksson gerðu fyrir Minjasafnið á Akureyri og var gefin út 1994.

Þar sem GPS staðsetningar í skýrslunni frá Minjasafninu voru mjög ónákvæmar allt frá 19-35 m þá var það talið hugsanlegt að einhverjar þekktar fornleifar gætu lent innan framkvæmda svæðis. Samkvæmt heimildarmanni Bergsteini Eiríki Gíslasyni sem bjó lengi á Leifsstöðum þá kannaðist hann ekki við neinar fornleifar innan þess.<sup>9</sup> Einnig benti túnkortið frá 1918 til þess að þekktar fornleifar væru skammt fyrir utan. Þann 2. október gekk skýrsluhöfundur um deiliskipulagssvæðið skipulega og þar sem minjastaðir fundust þá voru þeir hnitsettir (ÍSN93), upplýsingar skráðar um þá og þeir ljósmyndaðir og minjastaður mældur upp með trimble stöð. Kortin voru svo unnin í Microstation v8i forritinu með loftmynd undir frá Loftmyndum ehf. frá 2018.

Niðurstaðan í þeirri könnun var að tvær rústir voru innan við 15 m frá deiliskipulagssvæðinu. Voru þær rústir skráðar ásamt sáðgarði sem var nokkuð lengra fyrir utan. Umræddar minjar sjást líka greinilega á loftmyndum frá hinum ýmsu árum.

Vegna mikils gróðurfars á Leifsstöðum 2 þá var farið aftur á staðinn 23. október til þess að kanna betur legu ákveðinna rústa þegar fyrsti snjór vetrarins hafði lagst yfir sveitina.

Þrátt fyrir að hafi verið gengið skipulega til verksins þá verður að hafa það í huga að óþekktar fornleifar geta alltaf komið í ljós og verður þá að taka tillit til þess í framkvæmdunum.

---

<sup>7</sup> Heimasíða Alþingis.

<sup>8</sup> Heimasíða Minjastofnunar.

<sup>9</sup> Bergsteinn Eiríkur Gíslason, 2019. Munnleg heimild.

## 4. Leifsstaðir 2

Bærinn á Leifsstöðum er um 7 km frá Akureyri<sup>10</sup> stendur hann í vesturhlíð Vaðlaheiðar. Fyrir neðan bæinn er hallandi tún og nær það að svokölluðum Leifsstaðabrúnum og neðan við þær er nokkuð mikill bratti allt að Eyjafjarðarbraut. Í Leifsstaðabrúnum er dálítill skógur og innan hans er nokkur fjöldi af sumarbústöðum. Austan við veginn liggja svo Leifstaðaklappir og vilja ýmsir meina að þar séu miklar huldufólksbyggðir. Vestan við veginn er svo engjaspilda og liggur hún meðfram Fríðukíl en eru það landamerki jarðarinnar að vestan. Í heiðinni ofan við bæinn er svo beutiland jarðarinnar. Landamerki jarðarinnar að sunnan eru Brúarland og Eyraland en Brúarland var byggt úr Leifsstöðum árið 1946. Kúalækur er svo landamerki jarðarinnar við Arnarhól og Knarraberg.<sup>11</sup>

Árið 1991 var jörðinni Leifsstaðir skipt upp í Leifsstaðir og Leifsstaðir II. Var þá Leifsstaðir II gert að lögbýli,<sup>12</sup> engar byggingar tilheyra Leifsstöðum en 12 sumarbústaðir eru á jörðinni flestir þeirra eru á eignarlóðum einkum í Leifsstaðabrúnum. Skógrækt er á um 25 ha á jörðinni.<sup>13</sup> Við skiptingu jarðarinnar voru þá tún að mestu lögd undir golfvelli.<sup>14</sup>

Samkvæmt skráningu Leifsstaða í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var útigangur fyrir fé í meðallagi og mjög viðkvæmur fyrir snjóalögum. Útigangs fé þurfti því að fódra vel með og lömb þurfti að fódra að fullu. Ekki hafi verið góð hestaganga á jörðinni og í flestum tilvikum hefði þurft að fara með þá annað. Torfrista og stunga hafi verið lök og lítið hafi verið af fjalladráparif og gratekja varla teljandi. Túnin hafi spillst oft af vatnagangi og úr verði mýri sem étur upp rótina. Engið fyrir neðan brekkurnar hafi verið mjög votunnið og blautt og í stórstraum hafi þurft að hirða uppskeruna jafnóðum úr bleytunni annars hafi sjórinn hrifað hana. Úthagarnir hafi þó verið bjarglegir.<sup>15</sup>

---

<sup>10</sup> Ármann, Eggert og Sveinn, MCMLXXIII, bls. 408.

<sup>11</sup> Guðmundur, Jóhannes og Kristján, 1993, bls. 1066.

<sup>12</sup> Guðmundur, Jóhann og Valdimar, 2013, bls. 593.

<sup>13</sup> Guðmundur, Jóhann og Valdimar, 2013, bls. 634.

<sup>14</sup> Guðmundur, Jóhann og Valdimar, 2013, bls. 593.

<sup>15</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 10 bindi, bls. 308.

## 5. Fornleifaskrá

Fornleifanúmer: 2053-01

Hnit: A545424,8 N573082,7 ISN93

Hlutverk: Fjánhús/hlaða

Tegund: Tóft

Skammt austur af skjólbeltinu um 6 m í austur frá deiliskipulagssvæðinu má sjá veggjaleifar af gömlum fjánhúsum. Fjánhús þessi eru að öllum líkindum þau sem eru einnig merkt inn á túnkort frá 1918 sem úthýsi. Rústirnar eru sjáanlegar á loftmyndum og á loftmynd frá 1998 má sjá nokkuð heillega rúst. Hins vegar þegar litið er á loftmynd frá 2000 þá virðist búið að raska tóftinni og á loftmyndinni frá 2005 sést greinilega að það vantar suður hlutann og megnið af austur og vestur hluta veggjanna. Veggjahæð af norður hluta af rústunum sem eftir stendur er frá 1,7 m mældur innan frá og um 1,2 m þar sem hann er lægstur. Lengd norðurhliðarinnar er um 8,6 m.



Mynd 1: Veggur úr fjánhúsum, mynd tekinn í norður, í neðri hlutanum eru steinhleðslur en efst í norð-vestur hlutanum má sjá steypuleifar sem hafa verið notaðar í vegginn.

**Fornleifanúmer:** 2053-02

**Hnit:** A545276,8 N573158,6 ISN93

**Hlutverk:** Bær

**Tegund:** Tóft

Skammt norður af skjólbeltinu um 10 m frá deiliskipulagssvæðinu stendur gamli bæjarhóllinn. Suður við tóftina rennur lækur og vestur af henni er brött brekka. Rústirnar voru mjög greinilegar á loftmyndum og á vettvangi. Hins vegar var mjög erfitt að átta sig á legu og innri skipan rústanna vegna þess hve mikill og hár gróður var á svæðinu. Reynt var eftir bestu getu að ganga um rústirnar og mæla þær upp. Var farið aftur á staðinn þegar snjór hafði lagst yfir svæðið til þess að reyna að ná betri uppmælingum. Ekki reyndist heldur auðvelt verk að mynda rústirnar vegna mikils gróðurfars.

Það virðast hafa verið allavega 6 stærri rými í tóftinni og 1 minna sem öll tengjast með göngum. Að auki fundust tvo minni rými sem ekki var hægt að finna ingang inn í. Allavega þrjú inngangar virðast hafa verið úr bænum. Lengd rústanna virðist hafa verið um 23 m og breidd um 22m.



Mynd 2: Bæjarhóllin, mynd tekinn í suð-vestur, í suður má sjá há tré sem eru norður mörk skipulagssvæðisins.

**Fornleifanúmer:** 2053-03

**Hnit:** A545278,3 N573205,6 ISN93

**Hlutverk:** Sáðreitur

**Tegund:** Gerði

Sáðreiturinn er um 15 norð-austur af bæjartóftunum og er mjög greinilegur bæði á vettvangi og á loftmyndum. Hann er töluvert fyrir utan við skipulagsmörkin en var skráður með þar sem stærð á bæ og sáðgarði og fjarlægðir passa næstum fullkomalega á milli loftmynda Loftmynda ehf. og túnkortsins frá 1918. Það er greinilegt gerði í kringum hann og stendur hann á smá hæð.

Veggirnir eru áberandi lægstir í vestur endanum þar sem brött brekka tekur við og því nokkuð vel varinn frá náttúrunnar hendi. Mikill gróður er í kringum gerðið og trjágróður farinn að teygja sig nokkuð nærri því. Lengd gerðisins er um 33 m og breidd um 27 m og veggjahæð allt frá 20 cm upp í 1,2 m. Mjög erfitt reyndist að ná góðri mynd af sáðgarðinum vegna stærð hans og þegar farið var lengra frá upp í hæðina þá skyggði trjágróður á hann.




Mynd 3: Norður hluti af sáðgarði mynd tekinn í vestur.




Mynd 4. Mynd tekinn í suð-vestur af sáðgarði og má sjá í bæjarhólinn og svo tréin sem afmarka skipulagssvæðið.



nafn: <b>LEIFSSTAÐIR 2</b>	teikn. 13.12.2019 hj	Skýringar: Staðsetning menningarminja í nágrenni deiliskipulagssvæðis.	 <b>BÚNAÐARSAMBAND EYJAFJARÐAR</b> Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, nefn: bugardur@bugardur.is
<b>EYJAFJARÐARSVEIT</b>	mællkv. 1:3000 í A4		



nafn: <b>LEIFSSTAÐIR 2</b>	teikn. 13.12.2019 hj	Skýringar: Uppmæling á menningarminjum í nágrenni deiliskipulagssvæðis.	 <b>BÚNAÐARSAMBAND EYJAFJARÐAR</b> Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, nefn: bugardur@bugardur.is
<b>EYJAFJARÐARSVEIT</b>	mællkv. 1:3000 í A4	Unnið eftir mynd nr. e575 / gps mæl. frá Loftmyndir ehf. 2018	

## 6. Samantekt

Í vettvangsrannsókninni innan deiliskipulagssvæðisins fundust engar menningarminjar. Það voru kannski ekki miklar líkur á því þar sem svæðið hafði verið nýtt sem golfvöllur í einhvern tíma og einnig hefur töluverð trjárækt átt sér stað á liðnum árum eins og má sjá á loftmyndum frá hinum ýmsu árum á map.is. Heimildir s.s. örnefni, loftmyndir, túnkort og heimildarmenn gefa heldur engar vísbendingar um menningarminjar þar. Það voru þó 2 rústir sem voru skammt utan við og eru innan þessa 15 m friðhelgunarsvæðið fornleifa. Þriðja rústin var þó líka skráð þrátt fyrir að vera töluvert fyrir utan þessa 15 m en það var fyrst og fremst til þess að átta sig betur á afstöðu túnkortsins frá 1918.

Þar sem skjólbelti trjáa afmarkar nokkur veginn deiliskipulagssvæðið þá ættu rústirnar tvær ekki að vera í hættu en það má þó geta þess að á milli árána 1998 og 2000 þá virðist fjárhús tóftirnar hafa verið raskaðar samkvæmt loftmyndunum á map.is.

Þrátt fyrir að ekki hafi fundist leifar af menningarminjum innan reitsins við vettvangskönnun og heimildarvinnu þá er ágætt er að hafa það í huga að fornleifar hafa 15 m. friðhelgi. Þar sem fornleifaskráning tekur aðeins á minjum sem sjást á yfirborði þá er alltaf sá möguleiki fyrir hendi að fleiri minjar leynist undir yfirborðinu þegar framkvæmdir hefjast. Verður þá að tilkynna fundinn til Minjastofnunnar sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Akureyri, 30. desember 2019.  
Hákon Jensson

## 7. Heimildaskrá

Ármann Dalmansson, Eggert Davíðsson og Sveinn Jónsson (ritnefnd). (MCMLXXIII). Byggðir Eyjafjarðar II. Bindi. Akureyri: Búnaðarsamband Eyjafjarðar.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1938). Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Ólafsfjörður. tíunda. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag. [Reykjavík: Sögufélagið. Ljósprentuð útgáfa 1987.

Guðmundur Páll Steindórsson, Jóhann Ólafur Halldórsson og Valdimar Gunnarsson (ritnefnd). (2013). Byggðir Eyjafjarðar 2010, Akureyri: Búnaðarsamband Eyjafjarðar.

Guðmundur Steindórsson, Jóhannes Sigvaldsson og Kristján Sigfússon (ritnefnd). (1993). Byggðir Eyjafjarðar 1990, Akureyri: Búnaðarsamband Eyjafjarðar.

Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðað 16.02.2019.

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráning fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/skraningarstadlar/>. Skoðað 16.02.2019

Lilja Filippusdóttir. (2019). Deiliskipulag fyrir Leifsstaði 2 (í vinnslu). Teiknistofa arkitekta.

Orri Vésteinsson og Adolf Friðriksson. (1994). Fornleifaskráning í Eyjafirði I: Fornleifar í Eyjafjarðarsveit norðan Hrafnagils og Þverár. Minjasafnið á Akureyri. Akureyri.

Túnakort fyrir Leifsstaði. Ummálsdráttur samkvæm. mæl. 1917. Ytri-Tjörnum 31. jan. 1918 Kr. H. Benjamínsson.


Munnlegar heimildir:  
Bergsteinn Eiríkur Gíslason Leifstaðabrúnir 15.

Örnefnaskrár:


Jóhannes Óli Sæmundsson. Leifsstaðir. Öngulsstaðahreppur.

Margeir Jónsson. Leifsstaðir Öngulsstaðahreppur. Eyjafjarðarsýsla. Örnefnastofnun.




nafn: <b>LEIFSSTAÐIR 2</b>	teikn. 09.12.2019 hj	Skýringar: Afmörkun deiliskipulagssvæðis á Leifsstöðum 2 l.nr. 226737.	 <b>BÚNAÐARSAMBAND EYJAFJARÐAR</b> Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, nefn: bugardur@bugardur.is
<b>EYJAFJARÐARSVEIT</b>	mælikv. 1:3000 í A4		Unnið eftir mynd nr. e575 / gps mæl. frá Loftmyndir ehf. 2018



nafn: <b>LEIFSSTAÐIR 2</b>	teikn. 09.12.2019 hj	Skýringar: Afstaða túnkorts frá 1918 gagnvart núverandi deiliskipulagssvæðis á Leifstöðum 2.	 <b>BÚNAÐARSAMBAND EYJAFJARÐAR</b> Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is
<b>EYJAFJARÐARSVEIT</b>	mælikv. 1:3000 í A4	Unnið eftir mynd nr. e575 / gps mæl. frá Loftmyndir ehf. 2018	



nafn: <b>LEIFSSTAÐIR 2</b>	teikn. 13.12.2019 hj	Skýringar: Afstöðumynd af túnkortinu frá 1918 gagnvart skráðum minjum á vettvangi.	 <b>BÚNAÐARSAMBAND EYJAFJARÐAR</b> Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is
<b>EYJAFJARÐARSVEIT</b>	mælikv. 1:3000 í A4	Unnið eftir mynd nr. e575 / gps mæl. frá Loftmyndir ehf. 2018	